

Trefjar ehf
Óseyrarbraut 29
220 Hafnarfjörður

Kópavogur, 23. september 2025
Tilvísun: E49836

Skýrsla send á eftirfarandi netfang: oskarhaf@trefjar.is, ulfar@trefjar.is

Eftirlitsskýrsla

Tílefni: Reglubundið eftirlit	Eftirlit framkvæmt: 3.6.2025
Starfsleyfi: Gildir til 28.11.2033	Starfsemi: Vinnsla með trefjaplast
Aðsetur: Óseyrarbraut 29	Kennitala: 4201780269
Fulltrúi fyrirtækis: Úlfar, framkvæmdastjóri rekstrar	Fulltrúi Heilbrigðiseftirlits Eiríkur Vigfússon, eftirlitsfulltrúi Elísabet Herdísar Brynjarsdóttir, heilbrigðisfulltrúi

Umfang eftirlits

Eftirlit fór fram skv. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirliti [nr. 550/2018](#), reglugerð um meðhöndlun úrgangs [nr. 803/2023](#), reglugerð um mengaðan jarðveg [nr. 1400/2020](#), reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi [nr. 884/2017](#) og reglugerð um spilliefni [nr. 806/1999](#).

Stuðst var við [samræmd starfsleyfisfiskilyrði fyrir mengandi starfsemi](#) sem eiga sér stoð í fyrrgreindum reglugerðum og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir [nr. 7/1998](#).

Tekinn var skoðunarhringur um verkstæðið og útsivæði. Rætt var um mengunarvarnir og meðhöndlun úrgangs. Starfsemin skiptist gróflega í potta og bátasmíði.

Í skýrslu úr fyrra eftirliti voru lögð fram **6 frávík við eftirlit**. Við þetta eftirlit var farið yfir stöðuna á úrbótum á þeim:

- Öryggisblöð aðgengileg starfsfólki:** Öryggisblöð voru gerð aðgengileg starfsmönnum við blöndunarstöðvar en það gekk ekki upp. Því er verkstjóri með möppu með öllum öryggisblöðum hjá sér.
- Úrgangsolía er geymd í bamba á lóð að aftanverðu:** ekki hefur verið keyptur úrgangsolíugeymir og staða óbreytt.
- Tómar tunnur af efnavörum á víð og dreif fyrir utan:** Ferli var sett í gang þar sem spilliefni eru sótt reglulega af Terra efnaeyðingu. Afmarkaður reitur á steypu undirlagi er tileinkaður spilliefnum og með örari tæmingu á tunnum átti að láta það ganga upp að ekki þyrfti að steypa stærri flöt.
- Kar sem tekur á móti plastyki er opið og það fýkur því um:** Sett var stærra kar undir rykið og fokhætta útilokuð.
- Sorpílát yfirfull og fokhætta:** Sett af stað ferli þar sem rusl verður losað að lágmarki 1x í viku og starfsmaður gerður ábyrgur fyrir yfirumsjón með sorpílátum.
- Lausamunir og rusl á lóð þarf að hreinsa:** Tiltekt á lóð fór fram og sumarstarfsmenn settir í umhverfisþjónustu.



Niðurstöður eftirlits

Fyrirtækið sérhæfir sig í báta- og pottasmíði úr trefjaplasti. Stökum sinnum fara fram viðgerðir og breytingar á eldri bátum á verkstæðinu. Þegar það er gert eru eldsneytistankar bátanna tæmdir í bamba og yfirleitt dælt aftur á þá þegar viðgerð er lokið. Öflugt loftræstikerfi er á verkstæðinu sem leiðir út í fjölnota síu og færanleg afsog eru þar sem unnið er að bátasmíði til að tryggja fullnægjandi loftræstingu.

Varðandi fyrri frávík eru 3 merkt sem leyst **en 3 frávík eru óleyst** og því skráð í þessu eftirliti:

- **Frávík 1:** Úrgangsolía er geymd í bamba á lóð að aftanverðu.
- **Frávík 2:** Efnavörutunnur sem biðu förgunar úti voru ekki allar á steypu undirlagi og margar þeirra voru opnar og fullar af blönduðum úrgangi.
- **Frávík 3:** Lausamunir og rusl á lóð þarf að hreinsa. Hreinsun hafði farið fram í fyrra en áfram er töluvert um lausamuni og rusl á lóð. Viðhalda þarf skýru skipulagi á lóð og koma í veg fyrir að úrgangur og lausamunir safnist upp á lóð.

Varðandi öryggisblöð var rætt að fyrirkomulagið að hafa öryggisblöð við hverja stöð hafi ekki gengið upp þar sem þau týndust eða eyðilögðust við vinnslu. Því er nú verkstjóri með möppu með öllum öryggisblöðum hjá sér aðgengileg. Rætt við eftirlit að koma upp viðeigandi öryggismerkingum á þeim svæðum þar sem blöndun/vinnsla með efnin fara fram sem eru sýnileg starfsfólki.

- **Frávík 4:** Öryggismerkingar þurfa að vera sýnilegar starfsfólki á þeim stöðum þar sem efnavinnsla fer fram.

Rætt var um viðbrögð við mengunarslysi á vinnustað og hvort áætlun/verklag sé til staðar ef að mikið magn efnavöru myndi leka niður. Það var ekki til staðar við eftirlit.

- **Frávík 5:** Engin viðbragðsáætlun við mengunarslysum til staðar hjá fyrirtæki. Útbúa þarf áætlun þar sem mengunaráhættur eru metnar, hver viðbrögð við þeim eru og viðeigandi þjálfun starfsmanna þarf að eiga sér stað.

Úrgangur hjá fyrirtæki er almennt flokkaður í mismunandi kör úti á lóð og voru þau ekki yfirfull við komu. Nokkuð var um það að vitlaus flokkun var í kör – t.d. efnavöruumbúðir í járnakari og kari sem átti að vera blandaður úrgangur. Að öðru leyti voru sorplátin snyrtileg og ekki yfirfull.

- **Frávík 6:** Allar resin umbúðir skulu flokkaðar sérstaklega frá sem spilliefni.

Spilliefni eru geymd á steypum reit fyrir utan fyrirtæki. Heilbrigðiseftirlitið hefur ítrekað bent á að sá reitur er ekki nægilega stór þar sem spilliefni eru geymd utan hans. Ef ekki er hægt að finna aðrar leiðir til að sjá til þess að spilliefni geymist á viðeigandi hátt gerir Heilbrigðiseftirlitið kröfu um að steypiti reiturinn verði stækkaður.

Bambar stóðu á reitnum, voru opnir og efnavöruumbúðum safnað í þá. Ekki er sérstakt spilliefnakar til staðar.

- **Frávík 7:** Geymsla á spilliefnum til förgunar er ófullnægjandi. Finna þarf viðeigandi spilliefnakar sem er sett á lóð þar sem öll spilliefni fara. Þær efnavöruumbúðir sem geymast utandyra skulu vera lokaðar og komið í veg fyrir að efni berast úr þeim, t.d. við rigningu.

Við eftirlit voru því skráð **7 frávík** sem fyrirtæki verður að bregðast við.

- Úrbóta- og framkvæmdaáætlun vegna þeirra frávika sem nefnd eru í skýrslu þessari verður að berast heilbrigðiseftirliti á netfangið eirikur@heilbrigdiseftirlit.is.
- **Gefinn er frestur til að skila inn úrbótaáætlun til 1. september 2025.**
- Eftir að heilbrigðiseftirliti hefur borist úrbótaáætlun verður ákveðin tímasetning fyrir eftirfylgni þar sem eftirlitsaðilar koma aftur til að taka út aðstöðuna.

Viðbót 23.09.2025: Búið er að leggja fram tímasetta úrbótaáætlun sem Heilbrigðiseftirlitið hefur samþykkt.

Athugið að skýrsla þessi tekur aðeins til þeirra atriða sem skoðuð voru þann dag sem eftirlitið fór fram. Í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga [nr. 37/1993](nr.37/1993) er þér veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar. Ef athugasemdir eru við ofangreind atriði óskast þær sendar á tölvupóstfangið hef@heilbrigdiseftirlit.is. Heilbrigðiseftirlitið bendir á að loknum andmælaþrengi verður eftirlitsskýrslan birt á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins; www.heilbrigdiseftirlit.is.

Virðingarfyllst,



Eiríkur Vigfússon,
eftirlitsfulltrúi.